

Ed.

220. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 14 25. jan. 1934, um lögreglustjóra í Bolungavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri tekur laun úr ríkissjóði eftir IX. flokki launalaga, hafi hann á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, enda fái hann að auki laun fyrir þau úr sveitar-sjóði samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar og hreppsnefndar. Óski hreppsnefnd ekki eftir því, að lögreglustjórinn hafi þau störf með höndum, sem 2. gr. tiltekur, tekur hann laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingu á 3. gr. laga nr. 14 frá 1934, um lögreglustjóra í Bolungavík. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga er embættismaður þessi skyldur að gegna jafnframt störfum hreppsnefndaroddvita, ef hreppsnefnd óskar þess.

Á síðastliðnu ári óskaði meiri hluti hreppsnefndar eftir því, að lögreglustjóri hætti að gegna oddvitastarfi, og hafði nefndin í huga að stofna til sérstaks sveitarstjórarstarfs í Bolungavík. Frá miðju s. l. ári hafa því laun þessa embættismanns rýrnað verulega vegna þessa, og er frumvarpi þessu ætlað að bæta þar úr.

Lögreglustjóri tekur nú laun samkvæmt IX. flokki launalaga, eða lægri laun en fulltrúar hliðstæðra embættismanna og fulltrúar í ráðuneytum. Störfin við embættið hafa hins vegar vaxið, og má t. d. geta þess, að með lögum nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, er lögreglustjóra fengið dómsvald í öllum þeim málum, en hafði áður aðeins dómsvald í minni háttar lögreglumálum. Ber hann því nú sömu dómaraábyrgð og aðrir sýslumenn og bæjarfógetar að þessu leyti.

Auk þess má geta þess, að í frumvarpi til laga um meðferð einkamála í héraði, sem fram kom á Alþingi 1955, var gert ráð fyrir, að þau mál bættust við embættið.

Þar sem augljóst er, að ábyrgð þessa embættismanns er söm og annarra sýslumanna og bæjarfógeta, þykir ekki rétt, að hann einn þessara embættismanna sé settur í lægri launaflokk, og gerir frumvarpið því ráð fyrir, að lögreglustjóri í Bolungavík taki laun eftir VI. flokki launalaga, þegar, eins og nú er, hreppsnefnd Hóls-hrepps óskar ekki eftir, að hann gegni jafnframt störfum hreppsnefndaroddvita.

Þess má geta, að stjórn Félags íslenskra héraðsdómara er hlynnt því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.